

Sp.

410. Breytingartillögur

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 4. gr. 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd 6.90 Annar stofnkostnaður.	Þús. kr.
Fyrir „640“ kemur	1 140
2. Við 4. gr. 02-984 Norræn samvinna 1.20 Pátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO.	~
Fyrir „200“ kemur	275
3. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt. Nýr liður: 1.94 „85-nefndin“, samstarfsnefnd í lok kvennaáratugar S. þ.	500
4. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun 4 Sértekjur.	
Fyrir „328“ kemur	928
5. Við 4. gr. 07-700 Málefni fatlaðra. 1.04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta.	
Fyrir „10 900“ kemur	13 400
6. Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Nýr liður: 1.22 Nýtt sambýli	200
7. Við 4. gr. 07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. 1.01 Svæðisstjórn.	
Fyrir „1 613“ kemur	1 913
8. Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. 1.20 Sambýli Árvegi 8, Selfossi.	
Fyrir „1 248“ kemur	1 648
9. Við 6. gr. 2.1. Liðurinn orðist svo:	
2.1 Að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innan lands á árinu 1985 ríkisskuldabréf, spariskirteini og/eða ríkisvíxla að fjárhæð allt að 600 m.kr.	
10. Við 6. gr. 3.7. Liðurinn orðist svo:	
3.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna fjarskiptatækja sem sett kunna að verða upp í Loðmundarfirði, svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða) og snjóbifreiða sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparveita og Rauðakrossdeilda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.	
11. Við 6. gr. 3.21. Liðurinn orðist svo:	
3.21 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði til björgunarveita:	
a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum til nota við björgun manna úr sjávarháská.	
b. Utanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.	
c. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá strönduðum skipum.	
d. Sérhönnuðum „neyðarleifturljósum“ (strobe-light) á björgunarvesti og björgunarbúninga.	
e. Sérhönnuðum björgunarbatum.	
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.	

12. Við 6. gr. 3.23. Liðurinn orðist svo:
 - 3.23 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Heimildin taki jafnframt til endurgreiðslu gjalda af farsímum sem kunna að hafa verið tollafgreiddir árið 1983. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
13. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 3.35 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af segulmælitæki fyrir Björgun hf.
 - 3.36 Að fella niður greiðslu á uppboðslaunum til ríkissjóðs vegna uppboðssölu á b/v Óskari Magnússyni AK 177 til Krossvíkur hf. á Akranesi.
 - 3.37 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjöld af varaafstöð fyrir Slysavarnahúsið á Grandagarði 14 í Reykjavík sem Slysavarnafélag Íslands mun festa kaup á.
 - 3.38 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af afþrýstiklefa fyrir kafara sem Slysavarnafélag Íslands hefur fest kaup á.
 - 3.39 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af bifreið af gerðinni Mitsubishi, minibus, árgerð 1984, sem Kiwanisklúbburinn á Akranesi hefur ákveðið að gefa sambyli fyrir fatlaða á Vesturlandi, enda lúti bifreið þessi sömu ákvæðum um endursölu og bifreiðir sem úthlutað er til öryrkja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - 3.40 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum og hlutum til þeirra til fiskeldis og fiskræktar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - 3.41 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru til landsins til snjóflóða- og skriðuvarna. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - 3.42 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til grasköglaverksmiðja og heyköglaverksmiðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
14. Við 6. gr. 5.16. Greinin orðist svo:
 - 5.16 Að selja hluta af landi flugvallarins við Hellu.
15. Við 6. gr. 5.18. Liðurinn orðist svo:
 - 5.18 Að selja dýralæknisbústað að Gunnlaugsgötu 6a, Borgarnesi, og verja andvirði hússins til kaupa á húsnæði fyrir dýralækni og taka til þess nauðsynleg lán.
16. Við 6. gr. 5.30. Liðurinn orðist svo:
 - 5.30 Að selja Andakílsárvirkjun u. þ. b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshörmrum í Borgarfjarðarsýslu.
17. Við 6. gr. 5.33. Liðurinn orðist svo:
 - 5.33 Að selja jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit.
18. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 5.44 Að selja Borgarneshreppi gömlu lögreglustöðina við Þórólfsstötu, Borgarnesi, til niðurrifs.
 - 5.45 Að selja hluta ríkissjóðs í gamla Húsmædraskólanum á Laugarvatni.
 - 5.46 Að selja íbúð í sameign ríkisins og heimamanna að Ísafjarðarvegi 2, Hnífsdal, og verja andvirðinu til kaupa á annarri íbúð.
 - 5.47 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunar að Hafnarhvoli við Tryggvagötu.
 - 5.48 Að selja hluta jarðarinnar Leitis í Mýrahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu og ráðstafa andvirðinu í þágu Héraðsskólans að Núpi.

19. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 6.12 Að taka lán til endurbóta á skrifstofuhúsnæði sem keypt hefur verið fyrir bæjarfógetann í Vestmannaeyjum að Heiðarvegi 15 þar í bæ.
 - 6.13 Að semja við Akraneskaupstað um byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi.
 - 6.14 Að festa kaup á húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Vatnsleysustrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.15 Að festa kaup á húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Skútustaðahreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.16 Að festa kaup á húsnæði fyrir dýralækni á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.17 Að innrétta húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og verja til þess allt að 3000 þús. kr. og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.18 Að kaupa húseign á Þórshöfn til nota sem embættisbústað fyrir sóknarprest og taka til þess nauðsynleg lán.
20. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 7.4 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið allt að 5 m. kr. til Ferðamálasjóðs vegna fjárhagsvanda Hótelis Ísafjarðar, enda fallist allir aðrir lánardrottnar á það skilyrði að gefa eftir tilsvarende upphæð af kröfum sínum á hendur hótelinu.
 - 7.5 Að fella niður allt að 5 m. kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar, að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
 - 7.6 Að semja um og bæta tjón og greiða kostnað vegna búfjársjúkdóma og fisksjúkdóma.